



SVAR VIÐ FYRIRSPURN


Viðtakandi: Velferðarráð**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs**Efni: Svar við fyrirspurn velferðarráðs um upphæðir fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga**

Þann 3. október 2024 lagði velferðarráð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Velferðarráð óskar eftir upplýsingum um upphæð fjárhagsaðstoðar í Reykjavík og samanburð á upphæð fjárhagsaðstoðar í öðrum sveitarfélögum.

Svar:

Á mynd 1 má sjá þróun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu frá 2016-2024. Sjá má að þróun grunnfjárhæðar í Reykjavík hefur ekki verið eins stígandi og annarra sveitarfélaga en fjárhagsaðstoðin í Reykjavík var hæst frá árinu 2016 til ársins 2019. Í dag eru fimm sveitarfélög með hærri grunnfjárhæð en Reykjavíkurborg (fylgiskjal 1).



	1.1.2016	1.1.2017	1.5.2018	1.1.2019	1.1.2020	1.1.2021	1.1.2022	1.1.2023	1.1.2024
Reykjavíkurborg	180.550	184.883	189.875	201.268	207.709	212.694	217.799	228.689	239.895
Kópavogsbær	161.723	165.604	181.500	186.764	191.807	198.712	208.337	227.790	246.042
Hafnarfjörður	161.723	165.600	177.600	185.000	190.550	197.200	206.752	226.056	244.152
Mosfellsbær	162.000	165.000	177.600	182.750	187.319	196.685	204.552	221.183	238.818
Akureyri	154.624	157.567	160.510	166.504	184.208	195.258	200.521	219.244	236.795
Garðabær	159.361	162.702	185.000	191.015	196.117	202.961	212.791	232.660	251.285
Skagafjörður	151.034	161.643	178.110	229.370	229.370	237.398	252.093	252.238	281.280

Eins og fyrri ár er Skagafjörður með hæstu upphæðina; kr. 281.280, og af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er Garðabær með þá hæstu eða kr. 251.285.





Bæði Hafnarfjörður og Kópavogur eru með hærri upphæð en Reykjavík.

Í fylgiskjali 1 má sjá yfirlit yfir helstu upphæðir grunnkvarða í fjárhagsaðstoð ásamt því hvort og þá hvaða heimildagreiðslur eru veittar hjá þeim sveitarfélögum sem svöruðu. Upplýsingar hafa þó ekki borist frá öllum sveitarfélögum. Flest öll sveitarfélögin vinna út frá svokallaðri B leið (byggð á Leiðbeiningum um reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð) þar sem framfærsla barna er ekki inni í grunnfjárhæð. Reglur Borgarbyggðar eru hins vegar unnar út frá leið A þar sem framfærsla barna er inni í grunnfjárhæð sem skýrir hærri tölur þaðan. Reykjavíkurborg greiðir hæsta grunnkvarða til einstaklinga sem búa með öðrum.

Fylgiskjal:

Upphæðir fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, okt. 2024.



Reykjavík